



Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Selfossi, 11. febrúar 2020

Efni: Umsögn stjórnar SASS um tillögu til þingsályktunar um innviðaupbyggingu og markaðssetningu hafnarinnar í Þorlákshöfn, 61. mál.

Stjórn Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) fagnar framkominni tillögu. Stjórn telur mikilvægt að skipa starfshóp til að móta stefnu um hvernig standa megi að innviðaupbyggingu hafnarinnar í Þorlákshöfn svo að höfnin geti enn frekar vaxið sem inn- og útflutningshöfn. Starfshópnum er ætlað að vinna tillögu um hvernig bæta megi og auka öryggi og dýpi í og við innsiglingu í höfnina. Loks að hann komi fram með tillögur um hvernig bestum árangri verði náð í markaðssetningu hafnarinnar innan lands og utan. Stjórn minnir á að Sveitarfélagið Ölfus hefur látið vinna forhönnun á breytingum sem gera myndi höfninni mögulegt að taka á móti skipum sem eru 180 metra löng og 34 metra breið. Vitað er af áhuga til að sigla slíkum farþegaferjum reglulega milli Þorlákshafnar og hafna bæði í Bretlandi og meginlandi Evrópu. Mikilvægt er því að meðal verkefna starfshópsins verði einnig að kynna sér þessar forsendur og tryggja fjármögnun til slíkra framkvæmda. Loks er áréttuð nauðsyn þess að heimamenn eigi fulltrúa í starfshópnum.

Stjórn SASS hvetur til þess að þingsályktunin verði tekin til afgreiðslu og samþykkt.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri